

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, fimmtudaginn 10. desember 2015, kl. 12:30 í Hallgrímskirkju.

Mætti voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundur hófst á málsverði í safnaðarheimili Hallgrímskirkju.
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. Rætt um tilhögun ársfundar Siðfræðistofnunar sem haldinn verður í byrjun janúar. Ákveðið að taka til sérstakrar umræðu stofnun Landsiðaráðs þar sem stjórnarformaður myndi halda erindi um sambærileg ráð í nágrannalöndunum en síðan væri efnt til pallborðs með skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, landlækni, formann Vinstri grænna og forseta Alþingis. Var forstöðumanni falið að hafa samband við þessa aðila.
4. *Farið yfir málþing, útgáfu og kynningarmál*
  - a. Vefsíða, Facebook. Siðfræðistofnun hefur styrkt mjög stöðu sína á samfélagsmiðlum og er til að mynda nokkur hlustun á þær upptökur sem hafa verið settar á vefsíðu stofnunarinnar. Viðburðir stofnunarinnar hafa líka verið mjög vel sóttir á síðustu misserum.
  - b. Málstofur, fyrirlestrar
    - a. Málþing um lýðræðislega ábyrgð og stjórnsýslu var haldið 19. október í Hannesarholti og tókst mjög vel. Málþingið var hluti af lýðræðisverkefninu.
    - b. Siðfræðistofnun skipulagði ásamt Heimspekistofnun heimspekispjall um síðustu bók Páls Skúlasonar *Merking og tilgang* í Hannesarholti 19. nóvember og einnig dagskrá sem haldin var í minningu hans á afmælisdegi hans 4. júní s.l.
    - c. Kynnt var hugmynd um samstarf við Festu um málþing/ráðstefnu á vormisseri.
    - d. Aðrar hugmyndir ræddar, s.s. möguleika á að halda ráðstefnu í tengslum við umhverfismál í framhaldi af Parísarráðstefnunni, heimsókn Angus Dawson í mars og mögulega ráðstefnu tengda rannsóknum Kristjáns Kristjánssonar.
  - c. Bókaútgáfa
    - a. Jón Ólafsson vinnur að þýðingu á bók Øvind Kvalnes, *Etikk og samfunnsandsvar* sem kemur væntanlega út á vegum stofnunarinnar um mitt næsta ár.
    - b. *Hugsað með Vilhjálmi* er komin út og fengu fundarmenn eintak af bókinni.

4. *Rannsóknaverkefni*
  - a. NERRI verkefnið lýkur í byrjun næsta árs. Lokaviðburður er í undirbúningi þann 13. febrúar og verður hann haldinn í Listasafni Reykjavíkur.
  - b. Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði og POP-Gen hélt fund í haust þar sem útbúið var skjalón fyrir umsókn í heimalöndum samstarfsaðilanna.
  - c. COST: ChipMe. Gerð grein fyrir síðustu fundum.
  - d. Verkefni um sjálfræði barna með RÁS er í vinnslu.
  - e. Samþættingarverkefnið er enn í gangi og verður haldið málþing um efnið 22. janúar n.k.
  - f. Hvalaverkefni. Henry Alexander áætlað útgáfu á niðurstöðum þess.
  - g. Umsókn um álitaefti tengd lok lífs var send til Rannís 1. september s.l.
5. Tvær umsagnir til Alþingis kynntar. Önnur um staðgöngumæðrun, hin um siðareglur fyrir alþingismenn.
6. Áætlað að halda næsta stjórnarfund í apríl.

Fundi slitið 14.20

S.N.